

# DAGSKRÁIN Í BORGYN

## Janúar 2012



Nemendaráð hefur skipulagt enn eina dagskrársníldina. Dagskrárlíðið byrja vanalega klukkan 19.30 og enda klukkan 22.00 nema annað sé tekið fram.

- Fimmtudagur 5. janúar** **Íþróttahús (Tarzan og 10 skref blindandi)**  
Gaman saman í íþróttahúsinu.
- Þriðjudagur 10. janúar** **Fáránleikar FRESTAD**  
Skipulagóir voru fáránleikar þar sem keppa átti í allskonar fáránlegum keppnisgreinum. Vegna veðurs var lokað þetta kvöld og viðburðurinn settur á dagskrá síðar.
- Fimmtudagur 12. janúar** **Spila og perlukvöld**  
Huggulegheitin í fyrirrúmi þar sem prófin eru í fullum gangi.
- Þriðjudagur 17. janúar** **Bíómynd + próflestursaðstoð**  
Huggulegheitin áfram í fyrirrúmi. Starfsfólk Borgyn býður fram sína aðstoð við lærdóminn. Hægt verður að læra í félagsmiðstöðinni og þeir sem vilja geta hópað sig saman í læri.
- Fimmtudagur 19. janúar** **Söngkeppni Borgyn**  
Undankeppni fyrir Söngyn. Borgyn þarf að skera úr um hvaða tvö söngatriði keppa við hinar félagsmiðstöðvarnar í Gufunesbæ um að komast í söngkeppni SAMFÉS í Laugardalshöll.
- Föstudagur 20. janúar** **Risa Fjölnisball í Dalhúsum**  
Sjá nánar undir liðnum Á döfinni. Plaköt eru komin upp í skólanum. Viðburður er til kl. 23.00
- Þriðjudagur 24. janúar** **SKÍÐA Í Grafarvogsbrekku (ef aðstæður leyfa)**  
Skíðaáhuga fólk getur tekið gleði sína og skemmt sér í brekkunni.
- Fimmtudagur 26. janúar** **SÖNGYN**  
Undankeppni Gufunesbæjar um hvaða tvö söngatriði keppa fyrir hönd Gufunesbæjar í söngkeppni SAMFÉS í Laugardalshöll 3. mars. Allir sigurvegarar undankeppna félagsmiðstöðvanna eru gjaldgengir keppendur í SÖNGYN.
- Þriðjudagur 31. janúar** **Óvissukvöld Starfsfólks**  
Starfsfólkið kemur á óvart með hressandi óvissukvöldi.
- Fimmtudagur 2. febrúar** **Kökkakeppni Borgyn – eftirréttir**  
Gífurlega margir unglingar í Borgyn virðast eiga framtíðina fyrir sér í matreiðsluheiminum ef miðað er við afrakstur Kökkakeppninnar sem var fyrir áramót en þar var keppt í aðalréttum. Nú verður keppt í eftirréttum.